



Guðný Björk Proppé

MS-Ritgerð: Medication-induced delirium in patients with and without dementia: A systematic review of international guidelines

Höfundur:

Guðný Björk Proppé Fæddist þann 7. mars árið 1996 og er uppalin á Akranesi. Foreldrar hennar eru Anna Margrét Sveinsdóttir og Hrafnkell Ásólfur Proppé. Guðný útskrifaðist sem stúdent af Heilbrigðisvísundabraut frá Fjölbrautarskóla Vesturlands árið 2015 og flutti svo til Reykjavíkur árið 2016 að sækja nám við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur. Árið 2017 hóf hún svo nám í Lyfjafræði við Háskóla Íslands. Samhliða náminu hefur Guðný starfað í apótekum, sem aðstoðarkennari við Lyfjafræðideild og hjá ArticMass. Síðast liðinn vetur bjó Guðný ásamt manni og börnum sínum í Innsbruck, Austurríki þar sem meistara verkefnið hennar var unnið. Í Sumar hefur hún störf sem lyfjafræðingur hjá Lyf og Heilsu. Önnur framtíðarplön er að fara í sérnám í klínískri lyfjafræði við Háskóla Íslands.



Stuttur úrdráttur úr ritgerð:

Meðalaldur heimsbúa fer hækkandi sem leiðir til fjölgunar á eldri einstaklingum með fjölveikindi og tilheyrandi fjölyfjanotkun. Óráð er ástand sem einkennist af bráðum ruglingi við margvísilegar orsakir og getur það haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar til skemmri og lengri tíma fyrir batahorfur og langlífi sjúklinga. Heilabilun er hnignun á vitrænni starfsemi. Markmið yfirferðarinnar var að útvega lista yfir lyf sem hafa hættu á að framkalla óráð og meðferðarúrræði. Alhliða leit var gerð í þremur rafrænum gagnagrunnum og 96 vefsíðum tauga- eða lækna stofnanna. 38 leiðbeiningar voru teknar með í gagnaútdráttinn. Geðlyf og róandi lyf voru auðkennd sem algengustu lyfin sem geta valdið óráði. Að auki voru 28 aðrir lyfjaflokkar auðkenndir sem hættu á að valda óráði. Rannsóknin bætti mörgum lyfjum við núverandi leiðbeiningar. Hjá sjúklingum með heilabilun greindu 10 leiðbeiningar frá lyfjum sem geta valdið óráði, þar á meðal Aminophylline, berkjuvíkkandi innöndunarlyf. Niðurstöður rannsóknarinnar undirstrikar mikilvægi þess að huga að hættu á óráði af völdum lyfja hjá eldri fullorðnum, sérstaklega þeim sem eru með vitræna skerðingu eða aðra áhættuþætti. Niðurstöðurnar eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt að geðlyf og róandi lyf eru algengustu lyfin sem tengjast óráði. Þessi kerfisbundna yfirferð veitir yfirgrípsmikla samantekt á lyfjaflokkum sem geta valdið óráði, þar sem lögð er áhersla á nauðsyn á nákvæmu mati á áhættu og ávinningi lyfja bæði hjá sjúklingum með heilabilun og sjúklingum sem eru ekki með heilabilun.